


Alþingi
Erindi nr. P 131/815
komudagur 21.2.2005



• THE WRITERS' UNION OF ICELAND • ÍSLANDS FORFATTERFORBUND • VERBAND ISLÄNDISCHER SCHRIFTSTELLER •

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Gunnarshúsi 17. febrúar 2005


Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng

Stjórn Rithöfundasambands Íslands hefur farið yfir tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng, 279. mál.

Stjórnin telur ekki ástæðu til að valinn verði nýr þjóðsöngur þar sem haldbær rök skortir fyrir því að núverandi þjóðsöngur sé ekki vel til þess falinn að vera þjóðsöngur Íslendinga. Á það er bent í greinargerð að við sum tækifæri henti þjóðsöngurinn ekki alls kostar af því að hann sé of hátíðlegur. Á hitt má þá líka benda að við önnur tækifæri henta aðrir söngvar alls ekki vegna þess að þeir eru ekki nógu hátíðlegir.

Stjórn Rithöfundasambands Íslands telur að þjóðsöngur eigi ekki að elta tískusveiflur eða tíðaranda heldur sameina þjóðina og kynslóðirnar. Þannig geta Íslendingar verið stoltir af því að eiga jafn hátíðlegan og vandaðan þjóðsöng og raun ber vitni. Það má auðvitað raula önnur ættjarðarlög eða hvatningarsöngva hvers konar þegar það á við, t.a.m. á íþróttakappleikjum.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Rithöfundasambands Íslands


Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, formaður